

EFTIRLITSSKÝRSLA

Malbikunarstöð Akureyrar Akureyri



Dags eftirlits	21.9.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Malbikunarstöð Akureyrar	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	v/ Súluveg (Miðhúsavegi)	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4101696229	Flokkur	Malbik
Fulltrúi fyrirtækis	Jónas Vígfússon	ÍSAT nr.	26.82.9
Fulltrúi fyrirtækis	Árni Másson og Jón Hansen	Staðsetning	539861,247 575194,992

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik komu fram við eftirlit er varða að hraði útblásturslofts er ekki nægjanlegur og daggeymir við stöð hefur ekki verið botnþykktarmældur. Ein athugasemd var gerð varðandi að bæta þarf malbikun á akstursleiðum á plani.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir nýtt starfsleyfi sem gefið var út í janúar 2017 og minnt á skráningar og skiladaga skv. því.

Starfsemi var í stöðinni er eftirlitið fór fram og verður hún keyrð fram á haustið eftir því sem veður og verkefnastaða leyfir. Er stöðin lokuð yfir vetrartímann.

Engar breytingar hafa orðið á stöðinni frá síðasta eftirliti og engar breytingar eru fyrirhugaðar á næstunni. Í stöðinni er nú brennt lífdísil, um 20% í hlutfalli við olíu og virkar vel að sögn rekstraraðila. Brennsla flotaolíu hefur minnkað verulega.

Útblástursloft í skorsteini var mælt af Verkis í nóvember sl og voru niðurstöður þeirrar mælingar sendar eftirlitsaðila með tölvupósti þann 9. nóv. sl. Voru þær innan marka starfsleyfis eða 60 mg/Nm³. Bent er á að með nýju starfsleyfi færast mörk ryks í úrblæstri úr 100 mg/Nm³ niður í 50 mg/Nm³ og gilda þau mörk fyrir árið 2017. Hraði útblásturslofts náði þó ekki alveg viðmiðum starfsleyfis sem er 20 m/s (+/- 10%), en hann var 17,6 m/s. Bent var á að huga þarf að endurbótum á skorsteini til þess að hann nái að viðhalda lágmarks útblásturshraða.

Olíuskiljan hefur ekki verið tæmd frá því í síðasta eftirliti en stefnt er að því á næstu vikum, sem og framkvæmd olíuprófs. Engin olíuskilja er við bikgeymi á Naustatanga en engin niðurföll eru í olíuvarnarþrónni. Norðurorka sér um að þjónusta rotþróna fyrir svæðið.

Farið var yfir skráningar vegna reksturs hreinsibúnaðar, er það fyllt út mánaðarlega og framkvæmdir skráðar, pokaskiptingar og viðhald. Farið er yfir hreinsibúnað á 2ja-3ja vikna fresti. Skráningar í rekstrarhandbók eru góðar.

Allri úrgangsolíu er safnað saman og hún send niður á Umhverfismiðstöð bæjarins og þaðan í förgun.

Asfaltgeymir sem staðsettur er á hafnarsvæðinu á Akureyri var sjónskoðaður. Lekavarnarþróin var heilleg á að líta og umgengni nokkuð góð, þó var bæði járnadót og timbur innan þróar sem bent er á að þurfi að fjarlægja. Innan þróar standa einnig 9 stk. efnabamba. Óskað var eftir því við rekstraraðila að senda eftirlitsaðila upplýsingar um innihald bambanna en sumir þeirra voru illa- eða ómerktir. Bárust þær upplýsingar með tölvupósti þann 4. okt. sl. Þar kemur fram að um lýsi er að ræða sem notað var við íblöndun í olíumöl. Geymirinn var botnþykktarmældur í apríl 2013 og er í góðu lagi. Huga þarf að botnþykktarmælingum á daggeymi fyrir asfalt sem staðsettur er við stöðina. Er geymirinn nýr síðan 2006 og því hefði þurft að þykktarmæla hann í fyrra. Minnt er á að framkvæma mælingarnar sem allra fyrst. Minnt er á að þrýstiprófa þarf lagnir á 5 ára fresti og huga þarf að þeim mælingum nú í ár.

Rekstraraðili er ekki með umhverfisstjórnunarkerfi en hefur sett sér umhverfismarkmið.

Engar girðingar eru í kringum stöðina en slá er sett fyrri innkeyrslu til varnar óviðkomandi bílaumferð utan vinnutíma. Akstursplön eru malbikuð að mestu en bæta þarf malbiki á helstu akstursleiðir. Olíubrák mátti sjá á ómalbikuðu planinu næst stöðinni.

Engar kvartanir hafa borist rekstraraðila né eftirlitsaðila og engin umhverfisóhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti.

Tryggingar v. bráðamengunar hafs- og stranda eru í gildi og viðbragðsáætlun og áhættumat er aðgengilegt á staðnum. Grænu bókhaldi var skilað á réttum tíma, eða fyrir 1. maí.

Frávik frá

Gr. 3.5 í starfsleyfi

Lýsing á fráviki

Hraði útblásturslofts náði ekki viðmiðum starfsleyfis sem er 20 m/s (+/- 10%), en mæling hljóðaði upp á 17,6 m/s□

Gr. 4.2 í starfsleyfi

Botnþykkt og þykkt neðsta umfars geyma skal mæld á minnst 10 ára fresti. Asfaltgeymir við stöð hefur ekki verið mældur frá því að hann kom nýr inn árið 2006.

ATHUGASEMDIR

Athugasemd er gerð við að bæta þarf við malbikuð plön á akstursleiðum og tengja afföll við olíuskilju þar sem olíubrák á nú greiða leið niður í mölina.

ANNAÐ


Trjám var plantað neðan við athafnasvæðið síðastliðið haust og stefnt er að frekari gróðursetningum á næstu misserum.

Viðstödd eftirlitið var einni María Markúsdóttir frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra.

Reykjavík, 13.10.2017

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.



Guðbjörg Stella Árnadóttir